

gjöri lagafrumvarp það, sem um er að ræða, aðgengilegra en hitt, er samþykkt **170**
var á alþingi 1893. 31. desbr.

Af ástæðum þeim gegn hinu eldra frumvarpi, sem taldar eru í brjefi ráðaneytisins fyrir Ísland, dagsettu 10. nóvbr. 1894 (sbr. Stjórnartíðindi B. bls. 195—196), og hinar gjörðu breytingar eigi snerta að neinu leyti, hefir ráðaneytið orðið að telja lagafrumvarp það, sem um er að ræða, einnig ófallið til þess að öðlast lagagildi; hefir það því allraþegnsamlegast lagt það til, að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konungin-um þann 27. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á þessa tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður- nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu, um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenskum málum, úr lögum.

Um leið og jeg sendi hjermeð lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og í danskri þýðingu, skal jeg lotningarfullst leyfa mjer að taka það fram, að áðurnefnt lagafrumvarp er að aðalefninu til samhljóða frumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893, sem synjað var konunglegrar staðfestingar með allrahæstum úrskurði 10. nóvbr. f. á., með þeim einum breytingum, að landsyfirrjettardómurunum er fjölgað um tvo og að orðuð eru öðruvísi ákvæðin um eptirleitun á samþykki hins almenna löggjafarvalds ríkisins á breyting á stöðu hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenskum málum. Með því að hinar umgetnu breytingar eigi virðast gjöra frumvarp það, er um er að ræða, aðgengilegra en hitt, er samþykkt var á alþingi 1893, get jeg eigi ætlað að það verði talið til þess fallið að fá lagagildi.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest- 171
ingar á lagafrumvarpi um kjörgengi kvenna. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. 31. desbr. nóvbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp eitt um kjörgengi kvenna, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á hinu reglulega alþingi 1895. Er frumvarp þetta svo að segja alveg samhljóða frumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893, sem hans hátign konungin-um þann 10. nóvbr. 1894 þóknadist að synja staðfestingar samkvæmt allraþegn- samlegustum tillögum ráðaneytisins. Með þeirri athugasemd, að til síðasta alþingis hafi komið áskoranir, er undir hafi verið ritað af miklum fjölda íslenskra kvenna, um aukning hinna pólitísku rjettinda, er þeim þegar hafi verið veitt, einkum í þá átt, að þeim, yrði veitt kjörgengi við kosningar þær, er um er rætt í lögum nr. 10, frá 12. maí 1882, og með skírskotun til fyrri ummæla yðar um málið í brjefi frá 27. septbr. 1893, hafði þjer skotið því til úrskurðar ráðaneytisins, hvort frumvarp það, sem um er að ræða, geti álitizt til þess fallið að verða að lögum.

171 Með því að áðurnefndar áskoranir eigi hafa getað haft nein veruleg á-
 31. desbr. hrif á þetta mál, hefir ráðaneytið fyrir Ísland af ástæðum þeim, sem tilfærðar
 eru gegn staðfesting hins eldra frumvarps í brjefi ráðaneytisins fyrir Ísland frá
 10. nóvbr. 1894 (sbr. Stjórnartíðindi 1894. B. bls. 201), orðið að telja frumvarp
 það, sem um er að ræða, ófallið til þess að öðlast lagagildi. Ráðaneytið hefir
 því allraþegnsamlegast lagt það til, að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar
 staðfestingar, og hefir hans hátígn konunginum allramildilegast þóknast að fall-
 ast á þessa tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknun-
 legrar leiðbeiningar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt báðum
 hinum umgetnu brjefum yðar.

1. Brjef landshöfðingja frá 5. nóvbr. 1895.

Alþingi það, er síðast kom saman, hefir samþykkt eptir löglegan undirbúning laga-
 frumvarp eitt um kjörgengi kvenna, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi
 jeg mjer að senda hjermeð frumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og í danskri
 þýðingu.

Umgetið frumvarp er samhljóða frumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893,
 sem synjað var allrahæstrar staðfestingar af ástæðum þeim, er taldar eru í hæstvirtu brjefi
 ráðaneytisins, dagsettu 10. nóvbr. f. á.

Um leið og jeg tek það fram, að til síðasta alþingis komu margar áskoranir, með
 undirrituðum nöfnum fjölda íslenzkra kvenna, um aukning hinna pólitisku rjettinda, er þeim þegar
 hafi verið veitt, einkum í þá átt, að þeim yrði veitt kjörgengi við kosningar þær, sem um er
 rætt í lögum nr. 10 frá 12. maí 1882, skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að skjóta máli þessu
 til úrskurðar hins háa ráðaneytis.

2. Brjef landshöfðingja frá 27. septbr. 1893.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir samþykkt eptir löglegan undirbúning lagafrum-
 varp eitt um kjörgengi kvenna, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og sendi jeg
 hjermeð þjónustusamlegast frumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og í danskri
 þýðingu.

Sem kunnugt er, veita lög frá 12. maí 1882 ekkjum og öðrum ógiptum konum, sem
 standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, kosningarrjett, þegar kjósa á í
 hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, og á safnaðarfundum, en nú vill alþingi ganga feti lengra
 í sömu stefnu og veita umgetnum konum kjörgengi, er kjósa á í frammanefndar sveitarstjórn-
 ir og í safnaðanefndir. Það er mjög óvíst að íslenzkar konur þrái mjög hin auknu póli-
 tisku rjettindi, er alþingi vill veita þeim, því að það er sá mikli munur á kosningarrjetti og
 kjörgengi í sveitarstjórnarmálefnum og safnaðamálum, að hin fyrnefndu rjettindi veita
 þann rjett, er eigi fylgir nein skylda, en hin síðarnefndu rjettindi hafa og í sjer fölgna, auk
 rjettarins til að vera kosnar, skyldu til að taka á móti kosningu, og þær sýslanir, er nú á að
 gefa konum kost á, eru eigi svo eptirsóknarverðar, að líklegt sje að konur yfirleitt óski að
 takast þær á herðar; á þetta einkum heima um setu í hreppsnefnd. Að hinu leytinu hefir
 það verið fært fram frumvarpi alþingis til stuðnings, að konur muni geta gengt hinum um-
 ræddu sýslunum jafn vel, sem karlar, og að það sje jafnlítill ástæða til að synja þeim um
 rjettinn til að gegna þessum sýslunum, eins og að losa þær við skyldur þær er því fylgja;
 ennfremur hefur það verið tekið fram, að engi líkindi sjeu til þess að í stjórn sveitamála og
 safnaðamála verði kosnar aðrar konur en þær, sem hafi sjerlegt traust kjósenda, og því sjeu
 líklegar til að gegna óaðfinnanlega sýslunum þeim, er þeim yrði trúað fyrir.

Að því viðbættu, að hið umrædda lagafrumvarp var samþykkt í neðri deild alþingis með 20 atkvæðum gegn 3 og í efri deild með 6 atkvæðum gegn 4, leyfi jeg mjer lotningarfyllst að skjóta því til úrskurðar hins háa ráðaneytis, hvort frumvarpið geti álitizt til þess fallið að verða að lögum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 172
um ágreining um skilning á lögum 23. febr. 1894. — Með þóknanlegu brjefi, 16. marz dagsettu 28. f. m., hafið þjer, herra amtmáður, sent hingað erindi, þar sem bæjarfógetinn í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnarinnar áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 14. desember f. á., út af ágreiningi milli bæjarstjórnarinnar og hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi um skilning á lögum um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur, dagsettum 23. febrúar 1894, 2. gr., að því er snertir fyrir-mæli tjeðrar lagagreinar um, að Reykjavíkurbær skuli taka að sjer tiltekinn hluta af ómagaframfærslu hreppsins.

Út af þessu skal jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þar sem ágreiningur sá, sem eptir framansögðu hefir verið skotið til úrlausnar af hálfu umboðsvaldsins, er ekki í raun og veru um framfæri þurfamanns eða þurfamanna, heldur um rjettan skilning á fyrirmælum fyrnefndra laga um það, hvað bæjarfjelag Reykjavíkur eigi að inna af hendi til hreppsfjelags Seltjarnarness sem uppbót fyrir tekjumissi, orsakaðan af því, að 2 bæir eru lagðir frá hreppnum til bæjarins, og lögin hafa ekki falið umboðsvaldinu að skera úr ágreiningi um skilning þeirra, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að það beri eins undir dómstólana að skera úr ágreiningi um skilning ákvæðisins um hluttöku bæjarins í ómagaframfærslu hreppsins eins og úr hverjum öðrum ágreiningi um skilning laganna

Reikningur

173

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins niunda frá 1. septbr. 1895 til 31. ágúst 1896.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar 1. september 1895:			
	a.	Innritunarskirteini Ltr. A. fol. 84	kr. 8600,00	
	b.	í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 741,50	9341 50
2.	Ársvextir af innstæðu sjóðsins:			
	a.	af innritunarskirteini til ¹¹ / ₁₂ '95 og ¹¹ / ₆ '96	— 301,00	
	b.	af innstæðu í landsbankanum til ³¹ / ₁₂ '95	— 30,27	331 27
			Samtals kr. 9672 77	

Gjöld:

174

1.	Heiðursgjafir veittar:			
	a.	Jóni Magnússyni á Snæfoksstöðum	kr. 140,00	
	b.	Daníel Jónssyni á Eiði	— 140,00	280 00
2.	Eptirstöðvar 31. ágúst 1896:			

31. dag desbr.mán. 1896.